



Reykjavík, 4. október 2020  
Fundargerð 209. fundar

*Tilvísun: 2001005*

Sunnudaginn 4. október var haldinn 209. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. en hún er jafnframt framkvæmdaráð almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var fjarfundur og hófst kl. 15:00.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson, Ármann Kr. Ólafsson og Ásgerður Halldórsdóttir.

Jafnframt sat fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri og framkvæmdastjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins, Birgir Finnsson varaslökkviliðsstjóri, Þóra K. Ásgeirsdóttir, deildarstjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins og Halla Bergþóra Björnsdóttir lögreglustjóri.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson.

Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

### **1. Almennavarnastig**

Farið yfir almennavarnastig og þýðingu þess ef farið verður yfir á neyðarstig.

*Afgreiðsla:* Kynning.

### **2. Auglýsing heilbrigðisráðherra, minnisblað sóttvarnalæknis**

Farið yfir þær hertu aðgerðir sem gert er ráð fyrir að taki gildi um miðnætti. Sóttvarnalæknis hefur afhent heilbrigðisráðherra minnisblað um hertar takmarkanir og er verið að vinna að reglugerð þess efnis. Gert er ráð fyrir að almennavarnir færast yfir á neyðarstig á sama tíma. Helstu takmarkanir eru að hámarksfjöldi 20 manna, krám, skemmtistöðum, spilasölum og líkamsræktarstöðvum verður lokað. Gerð verður sérstök grein fyrir reglum í íþrótt- og menningarstarfsemi í auglýsingu, en ekki verður gert ráð fyrir áhorfendum á íþróttaviðburðum.

*Afgreiðsla:* Kynning. Beðið er eftir auglýsingu heilbrigðisráðherra.

### **3. Ráðstafanir neyðarstjórna og sveitarfélaga**

Neyðarstjórnir sveitarfélaganna eru að fara yfir stöðuna. Skipuleggja þarf starfsemi sveitarfélaganna í samræmi við neyðarstig og þær auknu takmarkanir sem taka gildi á miðnætti. Lagt upp með að starfsfólk sveitarfélaganna sem getur unnið heima geri það. Mikilvægt að

svið, deildir, stofnanir sveitarfélaganna sem sinna þjónustu sem verður að vera órofin fari yfir sitt skipulag og hvernig órofin þjónusta er tryggð sem best á neyðarstigi.

Afgreiðsla: Kynning.

#### 4. Önnur mál AHS

Engin önnur mál.

Fundi slitið klukkan 15:30.

**Næsti fundur verður boðaður sérstaklega.**


Fylgiskjöl:

AHS:


– Engin fylgigögn



Dagur B. Eggertsson



Gunnar Einarsson




Haraldur Sverrisson



Rósa Guðbjartsdóttir



Ásgerður Halldórsdóttir



Ármann Kr. Ólafsson